

Samþykkt fyrir búfjárhald í Eyjafjarðarsveit – **9. drög**

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í sveitarfélaginu Eyjafjarðarsveit með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð umráðamanna búfjárins. Samþykkt þessi er sett með heimild í 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Sveitarstjórn í samráði við landbúnaðar- og atvinnuálanefnd og fjallskilanevnd Eyjafjarðarsveitar, fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

2. gr.

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín, sbr. 2. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., með síðari breytingum. Búfjárhald er heimilt að fengnu leyfi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar.

3. gr.

Þeir, sem halda búfé í Eyjafjarðarsveit samkvæmt búfjárefartilittsskýrslum við gildistöku samþykktar þessarar hafa leyfi til búfjárhalds í Eyjafjarðarsveit við gildistöku samþykktar þessarar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess, húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og samþykktar þessarar, veitir hún leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

4. gr.

Skilyrði fyrir búfjárhaldi í Eyjafjarðarsveit eru þau sömu og almennt gilda í landinu, þ.e. að allir þeir sem búfjárhald stunda, jafnt á lögbýlum sem utan þeirra, uppfylli ákvæði gildandi laga og reglugerða um búfjárhald, aðbúnað búfjár, sjúkdómavarnir, afréttarmál o.fl. í samræmi við aðild sveitarfélagsins að búfjárefartilittssvæði nr. 18.

5. gr.

Vörsluskylda er á öllu búfé allt árið og er búfjárhaldið að öllu leyti á ábyrgð umráðamanns búfjárins. Það er skilyrðislaus krafa um að ábyrgjast að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarks svæðis og gangi ekki laust utan þess, sbr. reglugerð nr. 59/2000 um vörslu búfjár.

Vörsluhólf skulu afmörkuð grípheldum girðingum, sbr. reglugerð nr. 748/2002 um girðingar, svo og náttúrulegum farartálmum sem koma í veg fyrir frjálssa för búfjár og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð á að svo sé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að sleppa búfé á afrétti og þjóðlendur.

Hver landeigandi skal sjá til þess að girðingar milli afréttar og eignarlands hans séu grípheldar frá 10. júní til 10. janúar.

Sinni landeigandi ekki skyldu sinni til að halda girðingum grípheldum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir er sveitarfélaginu heimilt að lagfæra girðingarnar á kostnað landeiganda sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 135/2001 um girðingar.

6. gr.

Umráðamaður afréttar skal gæta þess að beitarálag á land sem hann hefur umráð yfir sé ekki meira en land þolir. Nýti umráðamaður ekki að fullu land það sem hann hefur umráð yfir fyrir eigin skepnur er honum heimilt að leyfa öðrum afnot af því að því marki sem beitarþol leyfir. Landeigendur tilkynni til sveitarstjórnar hverjum þeir heimili beit og fyrir hvaða fjölda búpenings sbr. heimild í 8. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 sbr. einnig ákvæði í 7. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, með síðari breytingum.

Sleppa skal skepnum á það svæði sem heimild til sleppingar nær til.

7. gr.

Beitartímabil á afrétt miðast ár hvert við að byrja 10. júní en ljúka um göngur á haustin vegna beitar sauðfjár, byrja 20. júní en ljúka 1. október vegna beitar nautgripa og byrja 20. júní og ljúka 10. janúar vegna beitar hrossa.

Sveitarstjórn getur breytt ákvörðun um hvenær reka megi búfé til afréttar sbr. 11. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð, með síðari breytingum.

8. gr.

Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, nr. 200/1998, með síðari breytingum og reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005, með síðari breytingum.

Um ágang búfjár skal fara eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð.

9. gr.

Um fjallskil gilda ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð sbr. sérstaklega V. kafla hennar. Fjallskilanefnd Eyjafjarðarsveitar leggur á fjallskil í samræmi við lög og samþykktir og þær verklagsreglur sem á hverjum tíma gilda um álagningu dagsverka og/eða fjallskilagjald og á það jafnt við um smölun stórgripa og sauðfjár.

10. gr.

Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun afréttar og má þá vísa málinu til umfjöllunar sveitarstjórnar sbr. 9. og 10. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða lögum og reglugerðum sem hún sækir stoð í, varða sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Ef leyfishafi brýtur gegn samþykkt þessari, lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. eða viðeigandi reglugerðum, áskilur sveitarstjórn sér rétt til þess að afturkalla leyfi viðkomandi í lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar, án undangenginnar viðvörunar eða tilkynningar.

12. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar og staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 m.s.br., til þess að öðlast gildi ...